

Isavia ohf.  
Stjórnarháttayfirlýsing  
2019

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2018 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.

## Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er félagið að gangast undir að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það m.a. að markmiði að styrkja innviði Isavia og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Isavia er aðgengileg á heimasíðu félagsins [www.isavia.is](http://www.isavia.is).

### Lög og reglur

Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum *Leiðbeiningar um stjórnarhætti* til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að félaginu beri ekki að fylgja leiðbeiningunum lögum samkvæmt.

Stjórn ákvað 2016 að láta gera úttekt á stjórnarháttum félagsins. Skýrsla úttektaraðila staðfesti að *Leiðbeiningum um stjórnarhætti* fyrirtækja er fylgt í öllum megindráttum hjá félaginu. Eftir mat á stjórnarháttum hjá Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands fékk félagið viðurkenninguna “Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum” í mars 2017.

Þrjár undirnefndir, starfskjaranefnd, endurskoðunarnefnd og framkvæmdanefnd eru starfandi undir stjórn félagsins. Stefna hefur verið sett um samfélagslega ábyrgð. Ekki hafa fallið neinir dómur þar sem félagið er talið hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is), og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins [www.isavia.is](http://www.isavia.is). Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, [www.vi.is](http://www.vi.is).

### Stjórn Isavia

Í stjórn Isavia sitja fimm aðalmenn, og fimm varamenn kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn eru tilnefndir til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn Isavia er 40% konur og 60% karlar. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir í skilningi *Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja*. Allir stjórnarmenn hafa gefið stjórninni skýrslu um eignir sínar í öðrum félögum. Engin þeirra skiptir máli varðandi störf þeirra sem stjórnarmenn Isavia.

### Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 27. apríl 2018. Þar er m.a. að finna skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja.

Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma lítið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á árinu 2018 voru haldnir 19 stjórnarfundir, og 18 fundir á starfsárinu 2018-19. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og allir stjórnarmenn voru mættir á flesta fundi. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum og skoðast hún sem fundarboð. Ítrekunarfundarboð er sent með tölvupósti. Stjórnarformaður stýrir fundum. Að jafnaði eru fundargerðir undirritaðar af stjórn, forstjóra, og fundarritara. Auk stjórnarmanna situr forstjóri, aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs stjórnarfundum ásamt fundarritara sem er úr hópi starfsmanna félagsins.

### Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfhætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra svo og skilvirkni undirnefnda séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Árangursmat fer fram með tvennum hætti, annars vegar með sjálfsmati sem utanaðkomandi aðili aðstoðaði við í janúar 2018., og hins vegar með sjálfsmati stjórnarinnar sem fór fram í febrúar 2019.

### Skipan stjórnar Isavia 2018 – 2019

**Ingimundur Sigurpálsson**, fæddur 1951, stjórnarformaður frá 2014. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, stundaði framhaldsnám í hagrænni áætlanagerð og þróunarhagfræði við George Washington University í Washington D.C. og lauk DBE frá Columbia Business School, New York, USA. Ingimundur hefur verið forstjóri Íslandsþósts frá árinu 2004. Hann hefur áratuga reynslu úr atvinnulífinu bæði í opinbera- og einkageiranum. Ingimundur gegnir og hefur gegnt fjölmörgum félags-, trúnaðar- og stjórnunarstörfum.

Ingimundur var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014.

Önnur stjórnarstörf:

Stjórn ISNIC hf., formaður, stjórn Samskipta ehf., formaður, og stjórn Arnarnesvogs ehf. Hann á hlut í Fjárfestingarfélaginu Molanum ehf. sem á hlut í ISNIC, og hlut í Borgun hf.

**Matthías Imsland**, fæddur 1974, stjórnarmaður frá 2014. Hann er stjórn málafræðingur með MS próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, hefur stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stjórnunarnámi við North Park University í Chicago í Bandaríkjunum. Matthías er framkvæmdastjóri ýmissa fjárfestingarféлага. Hann var aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá 2013-15, aðstoðarmaður forsætisráðherra frá janúar-apríl 2016 og var síðan aftur aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá apríl 2016- janúar 2017, var áður ráðgjafi fyrir fyrirtæki í Suður-Ameríku og Skandinavíu, var um tíma framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express.

Önnur stjórnarstörf:

Situr í stjórn Fríhafnarinnar ehf.

Matthías var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014, varaformaður 2014-2017 og frá 2018.

**Eva Pandora Baldursdóttir**, fædd 1990, stjórnarmaður frá 2018, B.Sc.-próf. í viðskiptafræði frá HÍ, og framhaldsnám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Hún stundar framhaldsnám í opinberri stjórnsýslu við HÍ.

Eva hefur starfað sem sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar Sauðárskróki frá 2017. Hún var alþingismaður Norðvesturkjördæmis 2016–2017, viðskiptafræðingur hjá KPMG 2016, skipuleggjandi ferða hjá Iceland Travel 2015–2016 og viðskiptafræðingur hjá Fjárvakri 2012–2015.

Eva Pandora var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2018.

**Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir**, fædd 1978, stjórnarmaður frá 2018, stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og er með MBA frá Háskólanum í Reykjavík.

Frá árinu 2015 hefur Nanna verið fjárfestingastjóri Hafblikks fjárfestingafélags.

Hún var ráðgjafi erlendra verslanakeðja 2013-2014 vegna starfsemi hér á landi, eigandi Náttúrulækningabúðarinnar og tengdra félaga í verslun og heilidsölu 2008-2013 og starfaði hjá Eimskipafélagi Íslands frá 1998-2008, m.a. í fjárstýringadeild og sem sölustjóri í sjó- og flugfraktdeild.

Önnur stjórnarstörf:

Nanna situr m.a. í stjórnnum Ilta Investments, Ilta PE og Náttúrulækningabúðarinnar.

Nanna Margrét var kosin í stjórn á aðalfundi 2018.

**Valdimar Halldórsson**, fæddur 1973. Stjórnarmaður frá 2018, BA í hagfræði og MSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Frá 2018 hefur Valdimar verið framkvæmdastjóri Norðursiglingar. Var framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík 2016-18. Hann var ráðgjafi hjá H.F. Verðbréf 2013-2016, aðstoðarmaður atvinnuvega og nýsköpunarráðherra 2012-2013, sérfræðingur hjá Marko Partners 2011-2012, sérfræðingur hjá IFS Greiningu 2008-11, sérfræðingur í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka 2004-2008, hjá Þjóðhagsstofnun/Hagstofu Íslands, þjóðhagsreikningum 2000-2004, og hjá fjárstýringu Íslandsbanka 2000.

Önnur stjórnarstörf:

Valdimar er stjórnarmaður í Stapa lífeyrissjóði, hjá Grand Hótel Mývatn ehf., Ístex hf., Húsavíkurstofu ses. , og Mývatn ehf.

Valdimar var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2018.

## Varastjórn

**Björg Eva Erlendsdóttir**, fædd 1960, BA í íslensku, norsku og blaðamennsku, framkvæmdastjóri Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.

**Hreiðar Eiríksson**, fæddur 1963, lögfræðingur, starfar hjá Fiskistofu Akureyri.

**Ingveldur Sæmundsdóttir**, fædd 1970, viðskiptafræðingur MBA, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitastjórnarráðherra.

**Reynir Þór Guðmundsson**, fæddur 1973, atvinnuflugmaður og flugvirki, framkvæmdastjóri Jökulflugs. Reynir sagði sig frá setu í varastjórn haustið 2018.

**Sigrún Traustadóttir**, fædd 1962, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi. Var aðalmaður í stjórn 2014-17.

## **Forstjóri Isavia**

Forstjóri hefur með höndum yfirframkvæmdastjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Björn Óli Hauksson, fæddur 1961, hefur verið forstjóri Isavia frá upphafi rekstrar 2010. Hann er með meistaraþráðu í rekstarverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku. Björn Óli starfaði sem forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. 2008-10 og leiddi umfangsmikla sameiningu Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og flugöryggisvarðadeildar lögreglustjórnans á Suðurnesjum. Áður vann hann í sex ár að uppbyggingu flugmála í Kósóvó, m.a. sem forstjóri Pristinaflugvallar og sem verkefnisstjóri þar á vegum Flugmálastjórnar Íslands og Flugstöða ohf. Hann setti m.a. á laggirnar flugmálastjórn Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó (CARO - UNMIK Civil Aviation Regulatory Office) og átti þátt í að sameina og byggja upp fyrirtæki um flugvallar- og flugstöðvarrekstur í Pristina.

## **Ársreikningar félagsins**

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins [www.isavia.is](http://www.isavia.is).

## **Innra eftirlit og áhættustýring**

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu félagsins og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur sem fylgja fjármálagerningum samstæðunnar eru, gengisáhætta, vaxtaáhætta og verðtryggingaráhætta. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga fyrir framkvæmdir og verkefni sem haft geta marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Áhættunefnd sem í sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og deildarstjóri fjárreiðudeildar er með reglubundna skýrslugjöf um áhættu félagsins til stjórnar. Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðunarnefnd var sett á laggirnar 2018.

## **Undirnefndir**

Á vegum stjórnar starfa 3 undirnefndir en störf þeirra eru aðskilin frá störfum stjórnar:

### **Starfskjaranefnd**

Í henni sitja formaður og varaformaður stjórnar Isavia. Helstu verkefni starfskjaranefndar er að undirbúa árlega drög að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnarmanna og undirbúa tillögu til stjórnar um viðmið fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra sem og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Starfskjaranefnd hefur eftirlit með því að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góðar starfsvenjur.

### **Endurskoðunarnefnd.**

Í henni sitja þrjár aðilar hið minnsta, a.m.k. einn nefndarmaður skal vera óháður félaginu og starfsfólki þess. Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir stjórnarmaður situr í endurskoðunarnefndinni ásamt Sigurði Þórðarsyni og Margréti Guðmundsdóttur. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráð við Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu -vilja og -stýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Endurskoðunarnefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum.

### **Framkvæmdanefnd.**

Í henni sitja þrír fulltrúar, einn úr stjórn félagsins ásamt tveimur óháðum nefndarmönnum. Stjórnarformaður Isavia situr í nefndinni fh. stjórnar en aðrir nefndarmenn eru Arnar Bjarnarson og Pálína Gísladóttir. Framkvæmdanefndin hefur það hlutverk að fjalla um, greina og veita stjórn félagsins álit sitt á öllum fyrirhuguðum fjárfestingum á grunni uppbyggingaráætlunar Keflavíkurflugvallar sem nema hærri fjárhæð en 200 milljónum króna. Markmiðið með Framkvæmdanefndinni er að sjá til þess að fjármunum félagsins sé ráðstafaðar af ábyrgð og fagmennsku í nýframkvæmdum.

### **Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar**

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hluthafavaldið. Boðun á hluthafafund er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Önnur samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru oftast að frumkvæði félagsins og hafa stjórnarformaður og forstjóri átt fundi með ráðherra eða fulltrúa hans. Stjórnin fylgir *Almennri eigandastefnu ríkisins: Hlutafélög og sameignarfélög* í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum.

### **Framtíðarsýn, hlutverk, og gildi, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð**

#### **Framtíðarsýn**

Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi.

#### **Hlutverk**

Isavia er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Við vinnum saman að því að vera hluti af góðu ferðalagi innanlands sem utan.

#### **Gildi**

*Öryggi* - Við erum öryggið uppmálað.

Við erum meðvituð um áhættu, fylgjum viðurkenndum öryggisferlum og stuðlum þannig að öryggi almennings, viðskiptavina og starfsmanna. Þetta gerum við með öguðum vinnubrögðum, stöðugri þekkingaröflun og markvissu eftirliti.

*Samvinna* - Við erum eitt lið.

Með samvinnu náum við árangri. Við berum virðingu fyrir störfum annarra og vinnum í sátt við samfélagið okkar.

*Þjónusta* - Við erum gestrisin.

Við veitum góða þjónustu, bjóðum viðskiptavinum okkar velkomna og komum til móts við væntingar þeirra með jákvæðu viðmóti og virðingu.

Félagið hefur sett sér siðareglur sem var síðast breytt í ágúst 2016. Ná þær til allra þátta í starfsemi félagsins. Siðareglurnar taka m.a. á viðskiptaháttum varðandi samskipti starfsmanna við viðskiptavinum félagsins, s.s. varðandi boð á viðburði, gjafir og þess háttar.



Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð. Isavia ohf. gerðist aðili að United Nations Global Compact í nóvember 2016. Með þátttöku skuldbindur Isavia sig til að stefna og starfshættir fyrirtækisins séu í samræmi við 10 meginreglur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Fyrirtækið skuldbindur sig jafnframt til að taka þátt í verkefnum sem styðja við þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, heimsmarkmiðin 17.

Isavia skilaði samfélagsskýrslu í fyrsta skipti sem hluta af árskýrslu félagsins sem kom út fyrir 2016. Skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) ásamt sérákvæðum um flugvelli.

Skýrslunni var jafnframt skilað til Sameinuðu þjóðanna sem árlegri framvinduskýrslu vegna skuldbindinga við UN Global.

Stjórnarháttayfirlýsingin samþykkt á stjórnarfundum Isavia ohf. 21. mars 2019.

*Jóhanna Þryggvatór*  
*Matti Jón*  
*Vilhinnur Hildjón*  
*Eva Pandora Baldursdóttir*  
*Janna Hargrett*